

ÍBR Viðburðir
Engjavegur 6
104 Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2023
UST202310-072/S.V.
09.04.00

Efni: Leyfi til að framkvæma árlegt Laugavegshlaup sumarið 2024 ásamt leyfi fyrir drónaflug
– Friðland að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn ÍBR viðburðir, dagsett 5. október 2023 til að halda Laugavegshlaupið Ultra Maráþon innan Friðlandsins að Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sbr. [auglýsingu nr. 354/1979](#). Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) svæðisins er rekstur hesta einungis heimill á megin reiðleiðum en óheimill á þeim leiðum þar sem aðeins er gert ráð fyrir að farið sé um með einn hest til reiðar. Óheimilt er að beita hestum í friðlandinu. Kvikmyndataka ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun af þeirra völdum gagnvart öðrum gestum skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs, umferðar eða upplifun annarra gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Óheimilt er að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Athafnir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásynd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að halda hið árlega Laugavegshlaup Ultra Maráþon laugardaginn 13. júlí árið 2024. Í umsókn ÍBR kemur fram að hlaupið muni hefjast í Landmannalaugum. Farið verður eftir gönguleiðinni Laugavegur og endað í Húsadal í Þórsmörk. Reiknað er með að fjöldi þátttakenda verði um 600 og starfsfólk um 100, þar sem áætlað er að annar helmingur þeirra verði á gönguleiðinni og hinn á Húsadal. Þátttakendur koma í Landmannalaugar að morgni og fara frá Húsadal með rútum á vegum ÍBR að loknu hlaupi. Tjöld verða sett upp í Húsadal tveimur dögum fyrir viðburð og ferðaklósett verða sett upp í Landmannalaugum á hlaupadaginn en engin mannvirki verða sett upp á sjálfri hlaupaleiðinni. Starfsmenn ÍBR sjá um skipulag og framkvæmd hlaupsins. Starfsmenn hlaupsins verða í hlutverki eftirfara sem týna upp merkingar, rusl og annað sem fylgir hlaupinu. Fram kemur í umsókn að allir þátttakendur verða upplýstir um umgengnisreglur á Laugaveginum sem eru m.a. þær að fara

eftir merktri gönguleið, henda ekki frá sér rusli á leiðinni og bera með sér eigið rusl. Með þátttöku sinni samþykkja keppendur að fara eftir settum reglum. Til að vernda náttúruna og takmarka rusl á drykkjarstöðvum verða þátttakendur að hafa með sér sitt eigið drykkjarmál. ÍBR óska eftir að fljúga dróna frá svæðinu þar sem skálarnir eru í Landmannalaugum stutta leið upp í hlíð til að ná myndefni af þátttakendum við upphaf hlaupsins. Áætlað er að flughæð verði í innan við 100 metra fjarlægð frá jörðu og að heildarflugtími verði ekki meiri en 15 mínútur.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur litlar líkur á að hlaupið muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi Friðlands að Fjallabaki. Gestir svæðisins geta orðið fyrir truflun en sé hlaupið eftir merktum gönguleiðum og farið eftir skilyrðum leyfisins ætti rask á náttúruminum og truflun á upplifun annara gesta að verða minniháttar. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að starfsmenn, ljósmyndarar og kvikmyndatökufólk þurfa einnig að halda sig innan gönguleiða, útsýnis- og áningastaða.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir ÍBR Viðburðum, fyrir sitt leyti, leyfi fyrir að Laugavegshlaupið Ultra Marafon 2023 fari fram innan friðlandsins að Fjallabaki og að fljúga dróna sbr. lýsingu hér að ofan 13. júlí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Stjórnendur viðburðarins skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Hafa skal þetta leyfi með í för á meðan á viðburðinum stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- A.m.k. 3 dögum áður en hlaupið fer af stað skal koma fyrir merkingum við upphaf og endastöð hlaupsins þar sem gestir svæðisins eru upplýstir um fyrirhugað hlaup.
- Hámarksfjöldi þátttakenda í hlaupinu verði ekki meiri en 600 manns.
- Stjórnendur hlaupsins gefi sig fram við landverði svæðisins áður en hlaupið hefst og þegar frágangi eftir hlaupið líkur.
- Þátttakendur og starfsmenn hlaupsins haldi sig innan gönguleiða, útsýnis- og áningarstaða alla leið frá upphafsstöð að endastöð hlaupsins. Stjórnendur hlaupsins skulu upplýsa þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á gönguleiðum til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri og hverasvæðum meðfram Laugaveginum.
- Auglýsa skal hlaupið vel og upplýsa aðra gesti á svæðinu að um tímabundna truflun sé að ræða á Laugaveginum á meðan á hlaupinu stendur.
- Upplýsa skal ljósmyndara og aðra sem koma á svæðið til að fylgjast með hlaupinu að óheimilt sé að fara út fyrir göngustíga, útsýnis- og áningarstaða og vísa þeim á góða ljósmyndatökustaði í samráði við landverði. Eins skulu þeir upplýstir um að leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir notkun dróna innan friðlandsins séu þeir með þá meðferðis.
- Gönguleiðin Laugavegur kann að vera strjált stikuð að hluta og því skulu aðstandendur hlaupsins sjá til þess að merkingar verði bættar á þeim svæðum þar sem gönguleiðin

er ógreinileg til að fyrirbyggja að fólk hlaupi út fyrir gönguleiðina með tilheyrandi. Brýnt er að passa vel upp á framangreint og merkja leiðina vel á viðkvæmum svæðum á borð við mosa- eða lyngmóa og votlendi, á hverasvæðinu suður af Hrafninnuskeri og niður Jökultungur. Eins er mikilvægt að staðkunnugir starfsmenn hlaupsins beini þátttakendum inn á gönguleiðina þar sem þess er þörf.

- Drykkjarstöðvar innan Friðlandsins að Fjallabaki skulu vera staðsettar á malarplönnum við skála þar sem engin hættu er á að viðkvæmur gróður skaðist.
- Aðstandendur hlaupsins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hlaupaleiðir né á drykkjastöðvum. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum og skemmdir á gróðri, ef einhverjar verða, lagfærðar.
- Óheimilt er að aka utan vega og skulu starfsmenn sem koma að hlaupinu einungis aka eftir merktum vegum.
- Mælist er til þess að þátttakendur komi á svæðið í skipulögðum rútuferðum á vegum viðburðarins þar sem bílastæði eru takmörkuð og vegasamgöngur erfiðar.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins hvort sem er við skála sem drykkjarstöðvar eru staðsettar á eða á þeim stígum sem viðburðurinn fer fram.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Drónaflug:

- Óheimilt er að fljúga dróna yfir baðlaugunum í Landmannalaugum
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir drónafluginu/kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra eins og hægt er.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Daníel Freyr Jónsson
svæðissérfræðingur

Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur